# Bréf og skjöl fátækramála 1909-1910

Aðfnr. 1018, örk 16


## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# Dagskrá
## fyrir fund fátækranefndarinnar þ. 23. des. '09.

1. Erindi stjórnarráðsins um greiðslu á legukostnaði Guðm. Ámundas.
2. Guðm. Magnússon kr. eftirl. húsaleigu fyrir Brynjólf Eiríksson f.
3. Erindi Þórðar Sigurðssonar um styrk
4. Árni Jónsson segir Helgu Jóhannsd. til sveitar
5. ~~ábyrgð~~ Ábyrgð á húsaleigu Þorv. Einarss.
6. Styrkveiting Þorsteins Ásbjörnssonar
7. — " — Gísla Gíslasonar, Spítalast. 8
8. — — Sig. Guðmundss. Grettisg. 46
9. — — Guðm. Sigurðssonar, Skólavörðustíg 33
10. — — Sam. Þórðarsonar, Hverfisg. 50
11. Ábyrgð tekin á legukostnaði Ásmundar Björnssonar
12. Einar Fjeldsted frá Kanada
13. Legukostnaður Guðrúnar Sigríðar Kristjánsdóttur

112



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Útborgast

Reykjavík 11. desember 1909

Einsog hinni háttvirtu fátækranefnd er víst kunnugt að hún leigði húsnæði hjá mjer fyrir Brynjólf ~~Jónsson~~ Eiríksson í húsi mínu nr. 58 við Grettisgötu hjer í bænum, þar til hann var látinn hafa leigustaðaskipti og flytja að Litluklapp. en fyrir síðasta mánuðinn er hann dvaldi í húsi mínu hef eg ei tekið á móti húsaleigu fyrir, sem er fyrir októbermánuð 1908.
Leyfi eg mjer því að biðja yðar háttvirta nefnd að greiða mjer húsaleiguna fyrir nefndan mánuð með 12 kr. og 50 aurum einsog umsamið var meðan hann bjó

L.

Bok. 144/1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í húsinu. Með brjefi þessu sendi jeg skýrslu bæjargjaldkerans er ber með sjer frá hvaða tíma að Landsbankinn hefur tekið á móti leigunni.

Virðingarfyllst
Guðmundur Magnússon

Til
Fátækranefndar
Reykjavíkurkaupstaðar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**BÆJARGJALDKERINN Í REYKJAVÍK**

Afgreiðslustofa á Laugaveg nr. 11

Opin hvern virkan dag kl. 11—3 og 5—7

Reykjavík 10. Des. 1909

Samkvæmt ávísun borgarstj. dags. 5/3 - 09 hefur Landsbankanum verið borguð húsaleiga fyrir Brynjólf Eiríksson á Litluklöpp fyrir mánuðina novbr. desbr. 08 og janr. og febr. 09 með Kr. 32.00 = 8 Kr. fr. mánuð.

Þetta vottast eftir beiðni.

Borgþór Jósefsson

F. Koh. 14/1 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 23. Desembr. 1909

Heiðraða fátækranefnd Reykjavíkur!

Þar eð ég hef orðið einn í tölu hinna mörgu og ólukkulegu fátæku manna hjer í Reykjavík, sem láta neiga að því að þyggja nauðsynjar viðurværis síns af fátækra sjóði bæjarins og þar eð ég aftur á móti hef, svo framt ég hef líf og heilsu n.k. ár, reynt að tryggja endurgreiðslu á láni þessu til fátækra sjóðs. Trygging þessi, sem ég svo kalla, er ynnifalinn í því að maður sá, er ég að öllu forfalla-lausu vinn hjá allt næstkomandi ár, hefur eftir beiðni minni, gefið það skriflegt til forstjóra fátækranefndarinnar, herr. borgarstjóra Páls Einarssonar, að hann borgi öll vinnulaun mín aðeins til hans, en því ekki neitt til mín. — Að þá hefur mjer komið til hugar, þar sem ég má til að fá hjálp hvert sem er, hvert hinni heiðruðu fátækranefnd þætti það svo ósamrímandi við hið ofanritaða loforð mitt til hennar með borgun, að hjálpa mjer í einulægi í byrjun hvers mánaðar, um upphæð þá er hún ákvæði hæfilega til hvers mánaðar og sem ég jafnframt yrði að ábyrgjast að láta mjer duga. Þessi upphæð yrði því mest núna 3-4 fyrstu árs mánuðina, þegar vorar mundi hún verða tvöfalt eður þrjfalt minni, þar er fólk það sumt er nú er hjá mjer mundi þá gjöra tölvert meir en vinna fyrir sjer sjálft.

145
f. Rvík
1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sjálfur fæ ég ekkert í mínar hendur, býst við hvorri skuld bædi yngri og eldri. Jeg býst líka jafnframt við að mjer verdi dryggra að verzla með dálitla upphæð í einu heldur en 5–10 Kr. í hvert skyfti.

Að endingu læt ég nægja að gefa hinni háttvirtu nefnd sannar og áreidanlegar upplýsingar um heimili mitt:
Húsaleiga mín mánadarleg 6. Kr. Til heimilis fjórar mannerskjur. Matbjörg enginn utan dálítið af jardar-ávexti og svo lítið af saltmeti (Fyrki) Kol og olía ekki heldur til.
Jeg skal adeins bæta því við, að ég skal ekki draga sjálfann mig í hlje við vinnu þegar að unt er að byrja hana. Að svo hafi líka verið undanfarandi ár mundu vísl allir bæjarbúar, sem ég hef unnið hjá hiklaust með mjer sanna, og skyldi ég fús að nefna þá ef á lægi, enda hef ég optast unnið hjá þeim sömu ár eftir ár.
Jeg hugsa adeins til að vera allhaf reidubúinn til að sýna hinni háttvirtu fátækrastjórn tilhlýdilega auðsveipni og sanngirni en als ekki ótjerlegann hroka edur edur óbilgirni

Með fyllstu virdingu

Þórdur Sigurdsson
Grettisgötu 61.

Til
Fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 20/12 – 09

Velborni hr. borgarstjóri!

Með mjer til-óskuðu leifi yðar. dyrfist ég að skrifa yðar línur þessar.

Skjólstæðingar mínir, kona og börn, sem allhaf verða að ganga á misvið flest öll þægindi þessa lífs, mæna nú til mín eftirvæntingar-augum sínum, fyrir hátíðina. Jeg hef aftur ekki annað að vona með bætir á þeirri sáru þrá og þörf minni en til yðar; vitandi hvert þjer ekki yrðuð svo góðir og hjálpa mjer svolítið í frekaralægi fyrir hina komandi hátíð, helst svo að ég þyrfti ekki að biðja yðar aftur fyrir Nýárið – Drengskapar-loforð mitt skal lagt við að verja því sparlega til afnota og ánægju handa heimilinu.

Gæti það nokkuð orðið til styrktar þessari bón minni við yður, að þá skal ég geta þess, að hjá Ingimundi í Eskihlíð, sem hefur gefið yðar nafnfast loforð sitt, um greiðslu á vinnulaunum mínum til yðar, vinn ég að öllu leiti, (ef guð lofar mjer að lifa) allt næstkomandi ár, eða til nýárs 1911. nema það sem ég á eftir óunnið hjá föður hanns Guðmundi á Bergstöðum – Þjer sjáið því að heilsárs vinnulaun mín eru alfarið í yðar höndum jafnframt og ég get unnið fyrir þeim til lúkningar á skuld minni.

Jeg el því til yðar ynnilega von og traust um hjálp, enda vart ekki í vetur, sem verður ódýrara að kaupa sjer björg í munninn, en einmitt nú fyrir jólinn.

F. Rvk. 145/1909

Yðar virðingarf.

Garðar Sigurðsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | |
|---|---|---|
| Jón Jónsson Sunds | 120 | 83 |
| Árni Magnússon Laugaveg no 24b | 10 | 00 |
| Jón Bjarnason Hverfisgötu no 56 | 7 | 45 |
| Hallgrímur Sveinbjarnarson | 3 | 55 |
| Gísli Kristjánsson Laugaveg no 32 | 10 | 77 |
| Gísli Gíslason Spítalastíg no 8 | 4 | 47 |
| Guðmundur Andrésson Njálsgötu no 29 | 3 | 13 |
| Sigurður Símann Guðmundsson | 17 | 55 |
| Sigurður Sigurðsson Hverfisgötu no 56 | 2 | 85 |
| Sveinbjörn Jónsson Skólavörðustíg | 4 | 49 |
| Þórður Sigurðsson búfræðingur | 20 | 00 |
| Tómas Tómasson Laugaveg no 66 | 8 | 59 |
| Sigurlína Sigfúsdóttir Nýlendugötu 13 | 1 | 74 |
| Bjarni Hannesson Njálsgötu no 25 | 1 | 74 |
| Kr | 217 | 16 |

Rvík 31/12 – 09

Á. Árnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

STJÓRNARRÁÐ ÍSLANDS.

Reykjavík, 11. desbr. 1909.

Stjórnarráðið hefur í dag ritað hreppsnefndinni í Gaulverjabæjarhreppi í Árnessýslu á þessa leið:

„Hreppsnefndin hefur í brjefi, dags. 29. sept. þ. á., farið fram á, að sjer verði greiddar úr landssjóði, samkvæmt 77. gr. fátækralaga 10. nóv. 1905, 347 kr. 50 au. af legukostnaði þurfamannsins Guðmundar Ámundasonar á sjúkrahúsi hjer í bænum frá 6. júlí 1908 til 6. júlí 1909, en þurfamann þenna, sem viðurkendur er sveitlægur í Gaulverjabæjarhreppi, hefur dagað uppi hjer í Reykjavík og ber því bæjarsjóði að greiða 1/3 hluta kostnaðarins, sbr. 63. gr. nefndra laga.

Samkvæmt reikningum þeim, sem fylgdu nefndu brjefi, hefur legukostnaður-

F. Rvk. 143/1909

inn fyrir ungetinn tíma verið 547 kr. 50 au., en af þessari upphæð ber bæjarsjóði, eins og þegar er sagt, að greiða 1/3 hluta eða 182 kr. 50 a., en Gaulverjabæjarhreppi og landssjóði afganginn 365 kr. Það sem landssjóði ber að greiða verður því 165 kr. en eigi 347 kr. 50 au. eins og hreppsnefndin virðist ætla, og hefur verið lagt fyrir gjaldkera landssjóðs að senda nefndinni þessar 165 kr. með fyrstu ferð.

Eins og hið framangreinda ber með sjer verður stjórnarráðið að skilja hjer útlútandi ákvæði fátækralaganna þannig, að það sje grundvallarregla laganna, að ekkert sveitar- eða bæjarfjelag eigi kröfu til endurgjalds á legukostnaði þurfalinga hjá landssjóði, nema á þeim hluta, sem er fram yfir 200 kr. á ári, en að sjálfsögðu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er hlutaðeigendum, sem óánægðir kynnu að vera með úrskurð stjórnarráðsins heimilt að halda fram frekari kröfum sínum hjá dómstólunum."

Þetta er yður, herra borgarstjóri, hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar með tilvísun til brjefs yðar, dags. 12. okt. þ.á.

F. h. r.

Kl. Jónsson

Jón Hermannsson

Til

borgarstjórans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur